

Nefndasvið Alþingis
Allherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. Þ 143/1718
komudagur 30.4.2014



Akranesi 29.4.2014
Tilvísun: V201404021


Efni: Umsögn Landmælinga Íslands um frumvarp til laga um örnefni (heildarlög), 481. mál

Vísað er til erindis allherjar- og menntamálanefndar Alþingis dags. 11. apríl 2014 þar sem óskað er eftir því við Landmælingar Íslands (LMÍ) að stofnunin veiti umsögn um frumvarp til laga um örnefni (heildarlög), 481. mál.

Landmælingar Íslands fagna framkomnu frumvarpi en skv. því er hlutverk stofnunarinnar við skráningu og miðlun örnefna fest í sessi. Ágætt samráð var haft við Landmælingar Íslands við samningu frumvarpsins og lýsir stofnunin yfir ánægju með þau vinnubrögð.

Þær athugasemdir sem stofnunin vill koma á framfæri vegna frumvarpsins eru:

1. Í 7. grein er fjallað um nafngiftir nýrra náttúruyfyrirbæra og í 5. grein er fjallað um úrskurði örnefnanefndar. Hvort tveggja hefur áhrif á örnefnagrunn Landmælinga Íslands skv. 9. grein en ekki er tekið á tilkynningaskyldu úrskurðaraðila til Landmælinga Íslands þannig að örnefnagrunnur sé sem réttastur á hverjum tíma. Á þessu þyrfti að skerpa.
2. Skv. 9. gr. 4. mgr. munu ráðherrar kveða á um í reglugerð um innihald, skráningu og tilhögun örnefnagrunns skv. 9. grein. Landmælingar Íslands benda á að kostnaður við viðhald örnefnagrunnsins mun að einhverju leyti byggjast á þessari reglugerð en í dag hefur stofnunin ekki sérstaka fjárveitingu í verkefnið. Þar gæti t.d. verið um að ræða kröfu um mjög nákvæm og nýleg grunngögn eins og háupplausnar gervitunglamyndir þar sem árlegur kostnaður við kaupa á gögnum getur numið nokkrum milljónum. Ekki ert gert ráð fyrir þessum útgjöldum í kostnaðarmati frumvarpsins.
3. Bent skal á að Landmælingar Íslands hafa þegar uppfyllt 2. mgr. 9 gr. um gjaldfrjálst aðgengi og endurnot örnefnagrunnsins og endurspegla notkunarskilmálar stofnunarinnar tillögur starfshóps um opin gögn og birtingu fjárhagsupplýsinga ríkisins, en skoða má skilmála LMÍ hér: <http://goo.gl/Q2rU83>
4. Einnig skal bent á að um nokkurra ára skeið hefur almenningur haft aðgang að skráningu örnefna í örnefnagrunn stofnunarinnar en skv. 9. gr. 3. mgr. skal almenningi gert kleift að skrá örnefni í sérstakan gagnagrunn. Þessi aðgangur er þó háður því að einstaklingur sem vill skrá örnefni hafi sérþekkingu á staðháttum á því svæði sem hann fær til skráningar. Reglugerð ráðherra mun svo skera úr um hvort þessi háttur við aðgengi almennings til skráningar telst uppfylla kröfur málsgreinarinnar.

Virðingarfyllst

Magnús Guðmundsson
forstjóri Landmælinga Íslands